



Reykjavík, 10. júní 2024

USK24050094

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. maí 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að öryggisgirðing eða önnur fallvörn verði sett upp meðfram lágum bryggjukanti við Naustabryggju í Bryggjuhverfi í því skyni að draga úr slyshættu þar.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 15. maí 2024.

Umsögn:

Þegar ákvörðun um fallvarnir eru teknar er margt sem þarf að horfa til. Taka þarf til greina hver tilgangur svæðisins er, er það hugsað sem samgöngusvæði eða svæði til að dveljast á. Einnig þarf að horfa til samsetningu notenda svæðisins, t.a.m. aldurs þeirra.

Ýmiskonar hættur eru í borgarumhverfi, bryggjur eru ein þeirra. Aðstæður líkt og um ræðir í þessari tillögu má finna víða í nágrenni okkar sem og víðar í borginni. Ekki hefur þótt tilefni til að setja fallvarnir á alla þá staði. Á hverjum stað eru aðstæður þó metnar og horft er til þess hve líkleg slys eru á hverjum stað og farið í viðeigandi aðgerðir í hvert sinn.

Á síðasta ári var var farið í einfaldar og kostnaðarlitlar aðgerðir á svæðinu í samráði við formann íbúasamtaka Bryggjuhverfis með það að markmiði að draga úr líkum á slysi m.a. með því að stuðla að því að hraðari umferð t.d. hjólandi sé fjær bryggjukantinum, á vistgötunni, án þess að breyta karakter svæðisins en áfram sé hugguleg bryggjuleið fyrir þá sem kjósa að dvelja á svæðinu eða vilja njóta návígis við bryggjuna og hafið. Aðgerðirnar fólust í gerð bekkja á bryggjusvæðinu til að undirstrika að það svæði er til að njóta. Við undirbúning þeirra aðgerða var rýnt vel í aðstæður og leitað heimilda hjá nágrennum okkar á norðurlöndunum.

Ekki er talið tilefni til að fara í frekari aðgerðir á svæðinu að svo stöddu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri



Reykjavík



Myndin sýnir aðstæður á bryggjunni í maí 2023, eftir breytingar

